



# Jarðhitafélag Íslands

---

## Fundargerð 86. stjórnarfundar Jarðhitafélags Íslands mánudaginn 7. desember 2009 kl. 15:30, í húsakynnum ÍSOR.

Mætt: Auður Andrésdóttir, Ásgeir Margeirsson, formaður, Bjarni Pálsson, Gústaf Adolf Skúlason, Jónas M. Matthíasson, Ólafur G. Flóvenz og Ragna Karlsdóttir.

### 1. Fundargerð síðasta fundar.

Fyrirliggjandi drög samþykkt.

### 2. Innheimta félagsgjalda.

Enn er um þriðjungur félagsgjalda óinnheimtur fyrir árið 2009, hjá hvoru tveggja einstaklingum og fyrirtækjum/stofnunum. Gjaldkeri skoðar aðrar innheimtuaðferðir eftir áramót.

### 3. Haustþing JHFÍ 8. desember.

Dagskráin tilbúin, yfirskriftin er „Nýjar leiðir í jarðhitanytingu“, og þingið verður haldið í húsakynnum OR að Bæjarhálsi 1. [Sett inn 9. desember: Þingið heppnaðist mjög vel og þátttaka var góð, um 75 manns.]

### 4. Tilnefning til stjórnar IGA.

Samþykkt að tilnefna áfram Benedikt Steingrímsson frá ÍSOR, og Bjarna Pálsson frá Landsvirkjun Power, með fyrirvara um staðfestingu LVP (vegna kostnaðar), í stað Gests Gíslasonar sem ekki er kjörgengur eftir að hafa setið tvö tímabil í stjórninni.

### 5. WGC 2015.

Formlegt erindi hefur borist frá IGA þess efnis, að Ísland hafi ekki orðið fyrir valinu til að halda WGC 2015, heldur hafi sameiginlegt tilboð Ástralíu og Nýja Sjálands orðið fyrir valinu. Ísland mun hafa lent í öðru sæti í kjörinu, en Þýskaland í því þriðja. Slóvakía hafði stefnt á að senda inn tilboð en hætt var við það. Formaður og ritari hafa samstarf um að þakka borgarstjóranum í Reykjavík, iðnaðarráðherra, formanni Samorku og orkumálastjóra fyrir að hafa lýst sig reiðubúin að ábyrgjast tilboð Jarðhitafélagsins fjárhagslega. Þá verður Congress Reykjavík sendur þakklætisvottur, fyrir aðstoð við gerð umsóknar.

### 6. Önnur mál.

- Rætt var um fyrirsjáanlega þátttöku frá Íslandi á WGC 2010 á Bali, en gróflega áætlað virðist sem um 40-50 Íslendingar muni sækja þingið.
- Rætt var um að ferlið við mat á umhverfisáhrifum gæti verið gott efni til að fjalla um í tengslum við næsta aðalfund.
- Rætt um að grafískur hönnuður hjá Mannvit betrumbæti logo félagsins, að fengnu leyfi frá Einar Tjörva, höfundi þess.

Stefnt á að funda næst í janúar 2010.

Fundi slitið kl. 16:15. Gústaf Adolf Skúlason, fundarritari

---